



## FUNDARGERÐ 511. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 5. febrúar 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

**Fundarstjóri:** Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður stjórnar.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Sækja fund:** Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Margrét Bjarnadóttir í forföllum Gunnars Vals Gíslasonar, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

### Tekið fyrir

#### 1. Skýrsla áhættunefndar fyrir starfsárið 2024

Svana Helen Björnsdóttir, formaður áhættunefndar SORPU, leggur fram og kynnir skýrslu áhættunefndar SORPU fyrir starfsárið 2024.

Skýrslan er rædd. Stjórn felur áhættunefnd að rita minnisblað upp úr skýrslunni og leggja fram á næsta fundi stjórnar.

#### 2. Ráðstöfun pappírs - minnisblað um tímabundna breytingu á ráðstöfun pappírs

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um tímabundna breytingu á ráðstöfun pappírs vegna bilunar hjá móttökuaðila.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að breyta farvegi blandaðs pappírs til að stuðla að aukinni endurvinnslu á fernum í júní árið 2023. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna minnisblað til framlagningar á næsta fundi stjórnar um árangur af þeirri breytingu sem gerð var á farvegi pappírs og kostnað af breytingunum í ljósi afstöðu Úrvinnslusjóðs, sem kom fram í svörum sjóðsins til SORPU við ákalli um hækkun á greiðslum fyrir meðhöndlun á pappír.

Minnisblaðið fylgir fundargerð.

#### 3. Staða Lambhagavegsverkefnis

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu uppbyggingar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg. Áætlað er að framkvæmdir við stöðina verði boðnar út um mánaðamótin febrúar-mars, og stefnt að því að framkvæmdir hefjist í maí.

Kynningin fylgir fundargerð.



#### 4. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir skýrslu framkvæmdastjóra.

Kynningin fylgir fundargerð.

#### 5. Tilraunastöðin Breiðhella – endurmótun þjónustu á endurvinnslustöðvum

Björn Ingi Ásgeirsson, verkefnastjóri markaðsmála hjá SORPU, og Þórhildur L. Sigurðardóttir ráðgjafi, taka sæti á fundinum undir þessum lið. Björn Ingi og Þórhildur stýra verkefni sem snýr að uppbyggingu endurvinnslustöðvarinnar við Breiðhelli, þar sem unnið er að fjölda umbótaverkefna, sem verða innleidd á aðrar endurvinnslustöðvar þegar þau hafa náð fótfestu á Breiðhelli. Gestir kynna framgang vinnunnar.

#### 6. Vinnufundur stjórnar

Stjórn áformar að fjalla um skýrslu um framtíðarskipan endurvinnslustöðva á vinnufundi.

Fundurinn verður í framhaldi af fundi stjórnar í apríl.

#### 7. Samningaviðræður við móttökuaðila vegna endurskoðunar á verði á blönduðum úrgangi til brennslu

Fjármálastjóri leggur fram minnisblað um samskipti SORPU og Stena Recycling AB um endurskoðun á verði fyrir móttöku á blönduðum úrgangi til brennslu.

Áætlað er að verðhækkunin valdi um 219 milljóna króna kostnaðarauka hjá SORPU vegna meðhöndlunar á blönduðum úrgangi til brennslu. SORPU er í samningum heimilt að endursemja um verð að framkominni ósk móttakanda, eða segja upp samningi og bjóða út að nýju. Stjórnendur SORPU meta þann kost hagstæðari að endursemja um verð frekar en að endurtaka útboð.

Ekki er þörf á að hækka gjaldskrá vegna þessa, þar sem áhættustýring SORPU í verðlagningu blandaðs úrgangs gerði ráð fyrir þeirri sviðsmynd að móttökuaðilar myndu hækka verð í takt við þróun á hliðgjöldum fyrir móttöku á blönduðum úrgangi til brennslu í Evrópu. Verðhækkunin mun að óbreyttu hafa áhrif á hagnað SORPU. Gripið verður til mótvægisáðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum hækkunarinnar.

#### 8. Önnur mál

Stjórnendur SORPU sendu borgarráði Reykjavíkurborgar og bæjarráði Kópavogsbæjar erindi með ósk um viðræður um afnot af lóðum til að efla starfsemi endurvinnslustöðva SORPU þegar endurvinnslustöðin við Dalveg lokar 1. september næstkomandi.

Erindin fylgja fundargerð.



### Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 5. mars klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 10:00.